

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

334. fundur

Föstudaginn 8. janúar 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Garðabæjar og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Árangursmat stjórnar 2020.
2. Áætlun ársins 2021.
 - a. Rekstraráætlun 2021
 - b. Fjárfesting (endurnýjun vagna).
 - c. Helstu áherslur í markaðsmálum 2021
3. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Árangursmat stjórnar 2020

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs, sendir á næstu dögum út spurningalista til stjórnarmanna vegna árlegs árangursmats stjórnar.

2. Áætlun ársins 2021

Framkvæmdastjóri fór yfir nokkrar sviðsmyndir fyrir rekstur og sjóðsstreymi á árinu 2021 og kynnti yfirlit yfir hagkvæmni einstakra leiða í leiðakerfi Strætó á árinu 2019 (fyrir Covid-faraldurinn). Sjóðsstaða í lok árs 2020 var betri en útkomuspár gerðu ráð fyrir. Framkvæmdastjóri kynnti mögulegar auknar hagræðingaraðgerðir varðandi rekstur Strætó á árinu 2021 og fór yfir helstu óvissuþætti í rekstri fyrirtækisins.

Stjórn samþykkti að stytta þjónustutíma Strætó á kvöldin tímabundið þar til fyrir liggur hverjar aðgerðir stjórnvalda til stuðnings almenningssamgöngum verða á árinu. Þá var framkvæmdastjóra falið að uppfæra sviðsmyndir í fjárhagsáætlun ársins 2021 til samræmis við umræður á fundinum þannig að til framtíðar verði áfram gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun vagna.

Markús Vilhjálmsson, markaðsstjóri Strætó, kom á fundinn og kynnti helstu áherslur í markaðsmálum fyrirtækisins á árinu 2021.

3. Önnur mál

- a) Vinnustaðagreining Strætó verður kynnt stjórn í febrúar/mars en á síðasta ári var gerð könnun um líðan starfsfólks Strætó í veirufaraldrinum.

Fundi slitið kl. 13:00.

Fylgiskjöl: Markaðsáætlun 2021

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason